N1 ehf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

# Skoðunarskýrsla

HES #39446A

HEF Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

| Starfsstöð | Heimilisfang | Viðstaddir |
|---|---|---|
| SF-6128 | Lækjargata 46 | Mailin Verslunarstjóri |
| N1 ehf. Matvöruverslun Lækjargötu | 220 Hafnarfjörður | |

| Tilefni | Eftirlit framkvæmt | Dagsetning skýrslu |
|---|---|---|
| Reglubundin skoðun | 17.2.2025 | 28.2.2025 |

Skoðuð voru og tekin afstaða til 35 skoðunaratriða af 42. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 3 skoðunaratriðum, þar af 0 Alvarleg frávik og 3 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

## Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

| Alvarlegt frávik | Frávik |
|---|---|
| | 5.51.1 Verklag um vörn gegn mengun matvæla eða matvælasnertiefna |
| | 5.51.2 Vörn gegn mengun í framkvæmd |
| | 10.56.1 Rekjanleiki |

## Niðurstaða eftirlits

Vakin er athygli á því að eftirlitsskýrslur eru birtar á heilbrigdiseftirlit.is að 2ja vikna andmælafresti liðnum.

Eftirfylgni fer samkvæmt gjaldskrá, sjá heilbrigdiseftirlit.is/gjaldskra

Athugið að þessi skýrsla tekur aðeins til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar.

| Starfsstöð | Starfsemi |
|---|---|
| N1 ehf. Matvöruverslun Lækjargötu<br>Lækjargata 46<br>220 Hafnarfjörður<br>Staða: Í gildi<br>Kennitala: 4110033370 | MAT - Innfl./Dreifing - 1 - Vörugeymsla og dreifing |

## Tengiliðir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ásthildur Embla Friðgeirsdóttir | 4401303 | asthildurf@n1.is | Stöðvarstjóri |

## 5 - Meðhöndlun matvæla og umbúða, aðskilnaður og vöruvörn

### 5.51 - Verklag og vörn gegn mengun

*13. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerð ESB nr. 852/2004, viðauki II, kafli IX, liðir 2 og 3. Reglugerð ESB nr. 852/2004, viðauki II, kafli I, liður 10. Reglugerð ESB nr. 852/2004, viðauki II, kafli IX, liður 8. Reglugerð ESB nr. 852/2004, viðauki II, kafli IV, liðir 2, 3, 4, 5. Reglugerð ESB nr. 852/2004, viðauki II, kafli X, liður 2. Reglugerð ESB nr. 852/2004, viðauki II, kafli X, liður 3.*

#### 5.51.1 Verklag um vörn gegn mengun matvæla eða matvælasnertiefna

Frávik

Sett inn: 25.02.2025

**Athugasemd: Verklag um vörn gegn mengun matvæla var ekki ekki fyrir hendi þegar eftirlit fór fram.**

**Skýring; Verklagi skal lýsa eftirfarandi:**

- Reglum um geymslu og meðhöndlun á hráefnum, kemískum efnum, umbúðum,  og fullunnum vörum svo koma megi í veg fyrir mengun þeirra frá umhverfinu og við meðhöndlun þeirra og vinnslu,
- Reglum um meðhöndlun matvæla sem innihalda ofnæmisvalda svo koma megi í veg fyrir að þau mengi önnur matvæli.
- Reglum um merkingar hvað varðar best fyrir dagsetningar þegar innri umbúðir eru teknar úr ytri umbúðum m.t.t. best fyrir dagsetningar. matvæli eru tekin úr ytri umbúðum

#### 5.51.2 Vörn gegn mengun í framkvæmd

Frávik

Sett inn: 25.02.2025

**Athugasemd: Frosið bakkelsi sem er geymt í frysti var óvarið fyrir mengun þar sem umbúðir vöru ekki lokaðar.**

**Skýring:** Matvæli eiga alltaf að vera geymd í lokuðum umbúðum til að verja þau fyrir mengun úr umhverfi, starfsfólki og kemískra efna svo eitthvað sé nefnt.

## 10 - Matvælaöryggiskerfi (innra eftirlit)

### 10.56 - Rekjanleiki og innköllun matvæla

*Að hægt sé að rekja matvæli (hráefni og afurðir; forpökkuð og óforpökkuð matvæli) og matvælasnertiefni a.m.k. eitt skref áfram og eitt skref til baka með skilvirkum hætti. Laga- og reglugerðarákvæði: Matvæli: a-liður 13. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Matvæli: 1. - 5. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 178/2002, með síðari breytingum (innleidd hér á landi með reglugerð nr. 102/2010). Matvælasnertiefni: 4. mgr. 14. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Matvælasnertiefni: 1. - 3. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1935/2004, með síðari breytingum (innleidd hér á landi með reglugerð nr. 398/2008).*

#### 10.56.1 Rekjanleiki

Frávik

Sett inn: 23.02.2025

**1. Athugasemd: Frostið bakkelsi hefur verið komið fyrir í frysti eftir að hafa verið tekin úr ytri umbúðum og því ekki upplýsingar um best fyrir dagsetningu o.fl.**

**Skýring**

: Öll hráefni sem hafa veriðverið tekin úr ytri umbúðum verða að vera merkt með best fyrir dagsetningu sem og öðrum upplýsingum er skipta máli m.t.t. rekjanleika.

**Eftirfarandi skoðunaratriði voru skoðuð og reyndust í lagi**

| | | |
|---|---|---|
| 2.51.1 HES: Leyfi / tilkynningar | 2.51.2 Önnur leyfi / samþykktir | 3.51.1 Umhverfi |
| 3.51.2 Gólf og veggir | 3.51.3 Niðurföll | 3.51.4 Loft og lagnastokkar |
| 3.51.5 Gluggar og önnur op | 3.51.6 Dyr | 3.51.7 Lýsing |
| 3.51.8 Loftræsting | 3.51.9 Búnaður og snertifletir matvæla | 3.51.10 Fyrirkomulag og hönnun húsnæðis (varnir gegn mengun) |
| 3.51.11 Vaskar | 3.51.12 Fataskiptaaðstaða (búningsaðstaða) | 3.51.13 Snyrtingar |
| 3.51.14 Handþvottaaðstaða | 3.51.15 Geymslur | 3.51.16 Flutningur matvæla |
| 3.51.17 Úrbótaáætlanir | 3.51.18 Ýmsar viðmiðunarreglur | 10.51.1 Verklag við þjálfun og fræðslu starfsfólks |
| 10.51.2 Framkvæmd þjálfunar og fræðslu | 10.51.3 Hreinlæti og heilsa starfsfólks | 10.52.1 Þrifaáætlanir og skráningar |
| 10.52.2 Meindýravarnir | 10.52.3 Meðhöndlun matvæla og matvælasnertiefna, aðskilnaður og vöruvörn | 10.53.1 Verklag við móttöku matvæla, matvælasnertiefna og annarra efna |
| 10.53.2 Framkvæmd við móttöku matvæla, matvælasnertiefna og annarra efna | 10.54.1 Verklag við hitastigsmælingar | 10.54.2 Framkvæmd hitastigsmælinga |
| 11.51.1 Verklag um meðhöndlun matarleifa og sorps | 11.51.2 Framkvæmd söfnunar og geymslu matarleifa og sorps | |

Halla Guðmundsdóttir
halla@heilbrigdiseftirlit.is
Eftirlitsmaður

Til grundvallar eru eru lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum. Ný matvælalöggjöf um hollustuhætti og eftirlit gekk í gildi í Evrópu árið 2006 og með samþykkt laga nr. 143/2009 var sú löggjöf innleidd hérlendis frá 1. mars 2010 og þar með gildir sama löggjöf um matvæli í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Löggjöfin fjallar um eftirlit og hollustuhætti í matvæla- og fóðurframleiðslu og á Íslandi eru reglugerðir ESB innleiddar orðréttar sem fylgiskjöl með sérstökum gildistökureglugerðum. Í listanum hér fyrir neðan er eru íslensk númer reglugerðanna tilgreind og þær reglugerðir EB sem voru innleiddar með þeim.

**Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:**

**LS = Lagfært á staðnum:**
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikið það lítilfjörlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

**F = Frávik:**
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem með óbeinum hætti getur leitt til framleiðslu óöruggra matvæla, en það eru matvæli sem eru álitin heilsuspillandi og / eða óhæf til neyslu.

*Úrbætur verða metnar í næstu reglubundinni skoðun eða að loknu næsta áætlaða vinnslu- og viðgerðarstoppi. Athugasemdin leiðir að öllu jöfnu ekki til sérstakrar eftirfylgni.*

**A = Alvarlegt frávik:**
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem með beinum hætti getur leitt til framleiðslu matvæla sem eru álitin heilsuspillandi.

*Úrbótum skal ljúka innan 7 virkra daga eða innan raunhæfs tímafrests skv. mati heilbrigðisfulltrúa. Ef athugasemdin er þess eðlis að þörf sé á að stöðva starfsemi er gripið til þvingunarúrræða strax, samkvæmt vinnulýsingu í viðauka C . Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.*

**ÚÁ = Sett á úrbótaáætlun:**
*Þegar athugasemd sem er fyrir á skýrslu og búið er að setja á úrbóta- og/eða viðhaldsáætlun er merkt við „Sett á úrbótaáætlun“,  auk þess er sett inn dagsetning á hvenær fyrirhuguðum úrbótum eða viðhaldi verði lokið.*